



365. fundur Skólanefndar FS
13. september 2023

Mættir: Bjarni Páll Tryggvason, Ásrún Helga Kristinsdóttir, Halldór Rósmundur Guðjónsson, Helga María Finnbjörnsdóttir, Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, Gunnar Valdimarsson áheyrnarfulltrúi kennara, Leó Máni Quyen Nguyễn áheyrnarfulltrúi nemenda, Guðný Birna Guðmundsdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Staðan við upphaf annar.
2. Stefnumótun og húsnæðismál.
3. Sameiningarmál.
4. Önnur mál.

1. Staðan við upphaf annar.

Skólameistari sagði frá stöðunni við upphaf haustannar og breytingum á starfsliði. Nýir starfsmenn eru Andri Sigurðsson, Erla Karlsdóttir, Guðbjörg Rúna Vilhjálmsdóttir Woods, Helena Rut Borgarsdóttir, Jóhannes Gylfi Ólafsson, Karl Kristinn Þórhallsson, Natalía Mist Jónsdóttir, Rakel Ósk Eiríksdóttir, Þórdís Sveinsdóttir og Þórhildur Loftsdóttir. Guðrún Jóna Magnúsdóttir og Ægir Karl Ægisson verða í leyfi en Anna Karlsdóttir Taylor, Jón Gunnar Schram og Hlynur Ómar Svavarsson snúa aftur eftir leyfi. Guðmundur Grétar Karlsson leysir Ægi Karl af sem áfangastjóri og Katrín Sigurðardóttir leysir Guðmund af sem námstjóri.

Í vor var samið við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja um að hjúkrunarfræðingur yrði í 25% starfi við skólann en af því verður ekki í bili vegna manneklu hjá HSS. Starfsemi mótuneytis er óbreytt en verð á máltíð hækkaði um 50 kr. Lítilsháttar breyting var gerð á stokkatöflu til að hliðra til fyrir nemendur á afreksíþróttalínu. Búið er að koma fyrir gámum við skólann en í þeim eru tvær kennslustofur. Verið er að ganga frá húsnæði fyrir FabLab smiðju en stefnt er að því að það verði tilbúið um miðjan október. Nám í pípuögnnum hófst í haust en kennt er síðdegis. Síðdegisnám er einnig í rafiðnum, á sjúkraliðabru og einn hópur erlendra nemenda og þá er meistaraskóli einnig síðdegis. Í vetur verða nýnemar í bekkjum en fara síðan áfangakerfi. Þetta er tilraun til eins árs og verður árangurinn metinn í vor. Nefndarmenn lýstu ánægju sinni með þessa tilraun.

Nemendur á haustönn eru alls 1177. Dagskólanemendur eru 977 en þar af eru 307 nýnemar og hafa aldrei verið fleiri. Einnig er 141 grunnskólanemandi sem taka einstaka áfanga. Strákar eru 52% nemenda en stúlkur 48%. Alls eru 13% nemenda af erlendum uppruna.

PLN
 GBL
 GBL
 KABA



2. Stefnumótun og húsnæðismál.

Skólameistari sagði frá stöðunni varðandi hugmyndir um viðbyggingu við skólann til að bæta verknámsaðstöðu en þar hefur lítið gerst.

3. Sameiningarmál.

Skólameistari sagði frá stöðunni varðandi hugsanlega samvinnu eða sameiningu skólans og Keilis. Stjórnendur skólanna skiluðu skýrslu til ráðuneytis í maí og stýrihópur skilaði síðan sinni skýrslu í byrjun júní. Upp úr því átti að taka ákvörðun en síðan hefur ekkert gerst. Málið rætt og lögðu nefndarmenn áherslu á að komast þurfi að niðurstöðu sem fyrst.

4. Önnur mál.

a) Skólameistari sagði frá því hvernig skólinn kemur til móts við nemendur sem standa illa fjárhagslega. Þar á meðal hefur skólasjóður greitt skólagjöld fyrir einhverja nemendur.

b) Leó Máni formaður NFS sagði frá starfsemi nemendafélagsins. Guðný Birna sagði frá því hvernig foreldrafélagið hefur stutt nemendafélagið og hyggst gera það áfram í vetur. Skólameistari lýsti ánægju sinni með stuðnings foreldrafélagsins.

c) Ákveðið að næsti fundur skólanefndar verði í nóvember og fundir verði annan hvern mánuð í vetur.


Fleira ekki gert og fundi slitið.


Bjarni Páll Tryggvason, formaður


Halldór Rösmundur Guðjónsson



Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir


Guðný Birna Guðmundsdóttir


Kristján Ásmundsson, skólameistari


Ásrún Helga Kristinsdóttir

Helga María Finnbjörnsdóttir


Gunnar Valdimarsson

Leó Máni Quyen Nguyen


Guðmann Kristþórsson, fundarritari